

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 20/2015.

Reykjavík, 10.11.2015

2015110100

Efni: Innköllun á hveitibulgur vegna aðskotahlutar (fjöður).

Heilsa ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla frá neytendum Sólgæti lífrænt hveitibulgur vegna þess að aðskotahlutur (fjöður) fannst í einum poka.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Sólgæti.

Vöruheiti: Bulgar Wheat Bulgur.

Strikanúmer: 5024425284352.

Nettómagn: 500 g.

Best fyrir: 10.08.2016.

Upprunaland: Tyrkland.

Framleiðandi: Pakkað í Bretlandi fyrir Heilsu ehf.

Innflytjandi: Heilsa ehf., Bæjarflöt 1, 112 Reykjavík.

Dreifing: Fjarðarkaup, verslanir Hagkaupa, verslanir Kjarvals, verslanir Krónunnar, verslun Nóatúns, Lifandi markaður og verslanir Nettó.

Neytendur sem hafa keypt vöruna eru vinsamlega beðnir um að skila henni í þeirri verslun þar sem hún var keypt eða farga henni.

Frekari upplýsingar fást hjá Heilsu ehf. í síma 533 3232.

